

Vísinda- menn ársins 2012 á Land- spítala



Við setningu Vísinda á vordögum, hinnar árlegu uppskeruhátíðar Landspítalans, voru þau Inga Þórsdóttir og Sævar Ingþórsson heiðruð fyrir rannsóknir sínar.

Inga Þórsdóttir er heiðursvísindamaður ársins 2012 en hún er með doktorspróf og er forstöðumaður næringarstofu Landspítala og rannsóknastofu í næringarfræði v/Landspítala og Háskóla Íslands. Hún er jafnframt deildarforseti matvæla- og næringarfræðideildar heilbrigðisvísindasviðs Háskóla Íslands. Í kynningu fundarstjóra Auðnu Ágústsdóttur kom fram að

Inga er afkastamikill vísindamaður á sviði næringarfræði og eftir hana hafa birst meira en 140 vísindagreinar í alþjóðlegum ritryndum tímaritum.

Hún er verkefnastjóri alþjóðlegra vísindaverkefna og umsjónarmaður alþjóðlegra ráðstefna, meðal annars norrænnar næringarfræðiráðstefnu

sem haldin verður á Íslandi í júní. Inga hefur fengið fjölmarga rannsóknarstyrki innlenda og erlenda og var einn af þremur vísindamönnum Landspítala sem hlutu hvatningarstyrk Landspítala sem veittir voru haustið 2011.

Sævar Ingþórsson er líffræðingur og doktorsnemi sem fær viðurkenninguna Ungur vísindamaður á LSH fyrir doktorsrannsóknarverkefni sitt er nefnist *Hlutverk sprouty próteina í stjörn EGFR boðleiða í brjóstaþekjufrumum*.

Markmið verkefnisins er að rannsaka hlutverk og samskipti Sprouty-2 við EGFR týrósinásínásviðtaka jölskylduna í greinóttri formgerð brjóstkirtilsins og kortleggja áhrif yfirtjáningar og sívirkrar tjáningar viðtakanna í framþróun æxlisvaxtar í brjóstkirtili. Leiðbeinendur í verkefninu eru Þórarinn Guðjónsson dósent og Magnús Karl Magnússon prófessor.

LISTAMAÐUR MÁNAÐARINS

Sólveig Aðalsteinsdóttir (f. 1955) hélt sýningu í Safnasafninu í Eyjafirði í fyrra og sýndi þar meðal annars verk sem hún kallaði **Skuggamyndir**. Sýningin í heild hverfðist um upplifun listakonunnar á ákveðnum stað. Ljósmyndin var ein af nokkrum í svipuðum anda sem hengu saman í röð, auk óhlutbundinna vatnslitaverka sem var dreift frjálst á vegginn í kring. Raunar var vatnsliturinn unninn úr blómasafa í þeim sama garði og ljósmyndirnar urðu til. Uppistaða þessara verka var gróður og náttúra úti undir berum himni en önnur verk á sýningunni samanstóðu af teikningum af útflöttum formum bygginga. Sólveig dvaldi um tíma á vinnustofu í Moste í Eistlandi og vann þar að sýningunni. Hún fann yfirgefið hús í jaðri þorpsins og beindi athygli sinni að því og nánasta umhverfi þess. Hún laðaðist að þeirri sérstöku tilfinningu fyrir tíma sem einkennir hús og garða í niðurníðslu og byrjaði á því að mæla upp byggingarnar sem þarna voru, gamalt íbúðarhús og útihús. Afraksturinn varð einfaldar en skýrar myndir af hlutföllum og formum þeirra ólíku húsa sem þarna voru.



Við vinnu sína lagði hún frá sér teikniblaðin í grasið, tók þá eftir skuggaspili trjánna á hvítum pappirnum og fangaði í ljósmyndir. Það var hrein tilviljun að könguló álpaðist á pappirinn þar sem hann lá og fékk því að vera með á þessari vorlegu mynd sem nú er framan á *Læknablaðinu*. Sólveig hefur löngum fengist við skrásetningu stundar og staðar í verkum sínum. Verk hennar endurspeglar hversdagslegar hugleiðingar um tíma og umhverfi, þar sem mörk innri og ytri veruleika eru ekki endilega ljós. Húsnæði kemur þar iðulega við sögu, hvort heldur hún skrásetur það sem hún hefur fyrir augum eða rifjar upp húsnæði

í minningunni. Þá hefur hún unnið töluvert með vatnsliti og meðal annars sýnt ílát þar sem vökvinn hefur gufað upp og eftirstöðvar litarins eru eftir. **Skuggamyndir** (2011) byggja þannig á þeim aðferðum sem listakonnan hefur til-einkað sér og er dæmigert fyrir hina látlausu og fallegu myndlist hennar.

Markús Þór Andrésson